

24.tbl.

19. júní. 2024

31 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



LÍF Í LUNDI

Líf í lundi 22. júní

Skógarskoðun Víðivellir, Fnjóskadal. klukkan 11.00.

Aðalsteinn Jónsson skógarbóndi leiðir.

Elstu trén á Víðivöllum voru gróðursett fyrir miðja síðustu öld og þau yngstu í fyrra.

Boðið upp á ketilkaffi og kleinur, safi fyrir börnin, eigum saman ánægjulegan dag.

Allir hjartanlega velkomnir.



Aðalfundur Skógræktarfélags Suður Þingeyinga

verður haldinn að Skógum, Fnjóskadal sama dag, 22. Júní, klukkan 14.00. venjuleg aðalfundarstörf. Verið velkomin.



Flautukvartettar Mozarts

Freyr Sigurjónsson flautuleikari,
Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari,
Martin Frewer víóluleikari og
Þórdís Gerður Jónsdóttir sellóleikari
flytja alla fjóra flautukvartetta Mozarts í
Skjólbrekku föstudaginn 28. júní kl. 20:00

Aðgangseyrir kr. 3000, ókeypis fyrir börn.
Ekki er posi á staðnum, en afhentar
upplýsingar um beina innlögn á reikning.

Mozart

Hlaupastelpan fer í langt sumarfrí þetta árið

Frá 1. júlí til og með 12. ágúst verður
engin Hlaupastelpa gefin út.

Þar á eftir verður útgáfunni haldið úti alla vega fram til
áramóta. Við breytta tilhögun útgáfu, þ.e. ekki er lengur hægt að senda hana með
fjölþósti í hvert hús, hefur auglýsinga eftirspurn dregist allmikið saman og því mun ég
meta um áramótin næstu hvort það taki því að halda þessari útgáfu
annars gangandi.

Hlaupastelpan er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Verðskrá:

Hálfsíðuauglýsing kr. 4.600.– m.vsk
heilsíðuauglýsing kr. 6.620.– m.vsk.

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>